

## **Akureyri 8. nóvember 2012 VMA Markmið verkefnis**

Hér koma spurningar sem Árný sendi og JÁR og BAR svöruðu að hluta í svona skriflegu og að hluta í umræðu á fundinum.

Að greina þarfir flutningagreinarinnar á sviði menntunar og fræðslu með það að markmiði að koma á námi í flutningafræði á framhaldsskólastigi.

Attentus vinnur verkefnið fyrir starfsgreinaráð flutningagreina.

### **Fundur með VMA**

1. Hvaða máli skiptir það fyrir skólann að geta boðið upp á fleiri möguleika í verk- og starfsnámi?

Mjög miklu máli. Umtalsverður fjöldi nemenda sem koma í VMA virðist ekki finna nám við hæfi eða að VMA býður ekki uppá nám sem þeir ráða við. Allar breytingar sem miða að því að auka framboð á námi til starfa geta hugsanlega aukið möguleika þessara nemenda og annarra á að ljúka einhverju skilgreindu námi.

2. 3. spurning og 4 spurning líka Heldur þú að nám í flutningafræði (Logistics, transportation) á framhaldsskólastigi gæti gagnast þínum nemendum? Hvernig?

Já.

Nokkrar ástæður.

Mjög líklegt er að flestir eða meirihluti þeirra sem starfa við flutninga- og verktakastarfsemi á Eyjafjarðarsvæðinu ( að minnsta kosti þeir sem eru í yngri kantinum) hafi verið nemendur í VMA og mjög margir þeirra hafi ekki lokið námi með skilgreindum hætti. Við höfum stundum talað um að grunndeild málmíðna sé líka grunndeild fyrir verktakastarfsemi.

Það að skapa möguleika á því að læra og þjálfa vinnubrögð sem krafist er í flutningastarfsemi, lagerstörfum og slíku væri mjög æskilegt.

Flutningastarfsemi tengist inn á umfjöllunarefni í fleiri deildum eða kennslugreinum í VMA.

-Viðhald og stjórnun flutningatækjanna, bifvélavirkjun, málmsmíðar og vélstjórn.

-Rekstur fyrirtækja er tekinn fyrir í viðskipta og verslunarnámi.

-Varahlutir og lagerstarfsemi er eðlilegur hluti af öllu iðnnámi í gegnum efnisfræði og slíkt.

Mikilvægt er að námið geti verið á nokkrum hæfniprepum og hægt væri að útskrifast af þeim öllum. Passa þarf að gera ekki sömu bóknámskröfur til þess að útskrifast á fyrsta þrepi eins og til þeirra sem myndu útskrifast á þriðja þrepi. Ef fyrsta þreps nám inniheldur t.d. véla og tækjaumfjöllun þá má ekki strax setja inn STÆ102 eða slíkt heldur á að leyfa nemendum að velja sterkustu greinar sínar í bóklegu inn í slíkt nám.

Til gæti verið einhver grunnpakki af færni/hæfniviðmiðum sem allir sem færu í slíkt nám þyrftu að uppfylla en síðan færi það eftir því á hvaða þrepi eða námssviði (verklegt nám eða fyrst og fremst bóklegt ) nemendur væru hvað er til viðbótar.

Einnig er hugsanlegt að líta á þetta nám sme pakka sem hægt er að komst í eftir mismunandi undirbúning. Þannig gæti þetta verið nám sem inniheldur það sama fyrir alla en með mismunandi undirbúningi er það á mismunandi þrepum eða miðar að mismunandi störfum.

3. Ef þú ættir að skipuleggja slíkt nám á hvaða hæfniprepum sbr. aðalnámskrá heldur þú að það hentaði best?
4. Gæti námið, ef af yrði, á einhvern hátt tengst öðrum brautum í VMA?
5. Hvernig sæir þú samstarf skóla og atvinnulífs í slíku námi?

Best væri að setja strax frá byrjun það markmið að námið verði bæði í skóla og á vinnustað en ekki þannig að nemendur séu bara í skóla og síðan bara á vinnustað með laun. Mun eðlilegra væri að t.d. eitt skólaár eða ein önn væri þannig að nemendur væru á vinnustað einn eða tvo daga í viku og hina dagana í skólanum. Þá væri námið á vinnustaðnum í höndum VMA og vinnustaðarins en ekki væri verið að kalla til aðra aðila eins og lðuna eða slíka til að hafa umsjón með námi á vinnustað. Eðlilegast er að VMA útvegi nemandanum nám bæði í skóla og á vinnustað. Þetta kerfi gæti hentað vel á Eyjafjarðarsvæðinu þótt það gæti orðið erfiðara á höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna er mikilvægt að binda námið ekki of mikið eða bjóða uppá fleiri en eina leið. Einnig gæti verið að fyrirtæki sendi t.d. nýbyrjaða starfsmenn í slíkt nám sem boðið yrði í VMA.

VMA hefur góða reynslu af samstarfi með þessum hætti í kennslu í bifvélavirkjun. Það er þó ekki með þeim hætti að nemendur séu einn eða tvo daga í viku á vinnustað. Þar sjá fyrirtæki í greininni um skilgreinda hluta námsins.

6. Heldur þú að slíkt nám yrði eftirsóknarvert fyrir ungt fólk?

Já það horfa margir til þess að starfa við flutninga eða akstur / lagerhald / verslun með námi og til framtíðar. Ferðaþjónusta, verktakastarfsemi og almennir flutningar þurfa fólk sem skilur og kann að skipuleggja og framkvæma þetta með sem hagkvæmustum hætti án þess að minnka kröfur um þjónustu og öryggi.

Ekki er þó víst að margir myndu sækja um slíkt nám ef það væri auglýst núna því störf í flutningageiranum eru ekki mjög vel kynnt.

7. Annað.